

## AUGLÝSING

### um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Bifreiðastöður verða bannaðar í Túngötu að norðanverðu frá Garðastræti að Hrannarstíg.
2. Einstefnuakstur verður á Túngötu til vesturs frá Hofsvallagötu að Bræðraborgarstíg.  
Bifreiðastöður verða leyfðar beggja vegna götunnar.
3. Einstefnuakstur verður á Hrannarstíg til norðurs frá Túngötu að Öldugötu og bifreiðastöður leyfðar beggja vegna götunnar.
4. Bifreiðastöður verða bannaðar í Garðastræti öllu frá Túngötu að Vesturgötu.
5. Stöðumælar verða settir upp í Ránargötu, Bárugötu og Öldugötu, þrír til fimm mælar á hverjum stað næst Garðastræti.
6. Stöðumælar verða settir upp á bifreiðastæði við Garðastræti á þau fjögur stæði, sem snúa að götunni og koma þeir í stað stöðumæla vestan Garðastrætis, næst Vesturgötu.
7. Bifreiðastöður verða bannaðar við Hlemm, þar sem nú eru stöðumælar.

*Lögreglustjórnin í Reykjavík, 9. apríl 1970.*

**Sigurjón Sigurðsson.**

24. apríl 1970.

Nr. 63.

## TILKYNNING

### um breytingar á aðalskipulagi Reykjavíkur.

Samkvæmt ósk borgarstjórnar Reykjavíkur hefur skipulagsstjórn ríkisins hinn 6. apríl 1970 staðfest eftirtaldar breytingar á aðalskipulagi Reykjavíkur, sem staðfest var 3. júní 1967:

1. **Reiturinn milli Suðurgötu, Kirkjugarðsstígs, Garðastrætis og Túngötu:**  
Í stað notkunarinnar „íbúðarbyggð“ komi „íbúðar- og skrifstofubýggð“.
2. **Reiturinn milli Mýrargötu, Brunnstígs, Nýlendugötu og Seljavegar:**  
Í stað notkunarinnar „íbúðarbyggð“ komi „Verzlanir og iðnaður“.
3. **Reiturinn milli Suðurlandsbrautar, Grensásvegur, Ármúla og Vegmúla:**  
Í stað nýtingarhlutfallsins „0.5“ komi nýtingarhlutfallið „0.75“.  
Í stað notkunarinnar „iðnaður“ komi „iðnaður og skrifstofur“.

Staðfesting þessi er gerð samkvæmt ákvæðum í 19. gr. laga nr. 19/1964 og tilkynnist hérmeð öllum er hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 24. apríl 1970.*

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

*Hallgrímur Dalberg.*